17. júní 2022 í Kópavogi

Lokaskýrsla verkefnastjóra

Ingibjörg Gréta Gísladóttir



Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

YFIRLIT

Lista- og menningarráð Kópavogs ákvað að halda 17. júní 2022 hátíðlegan á fimm hverfishátíðum, eins og þróaðist í gegnum covid tímann. Í aðdraganda komu nokkrar fyrirspurnir til Þjónustuvers um hátíðarhöld á Rútstúni og var þeim öllum svarað á þann veg að Lista- og menningarráð hefði ákveðið að halda hátíðina á þessum fimm stöðum og komu innan við tíu símtöl og/eða tölvupóstar mismunandi kurteisir til að mótmæla því, skv. starfsmönnum Þjónustuvers.

Unnið var í samstarfi við íþróttafélögin í bænum sem var vel. Fundað var með öllum aðilum (íþróttafélögum, íþróttafulltrúa og forstöðumanni Kópavogsvallar) í maí þar sem farið var yfir planið og aðstæður, rætt um söluvöru og hvernig við getum stutt hvert annað í að vinna að sameiginlegu markmiði: góðri upplifun bæjarbúa. Góður rómur var að fundinum og þeim heiðarlegu samræðum sem þar áttu sér stað.

Lagt var upp með í upphafi með að hátíðin við garð menningarsvæðanna væri í anda húsanna en fallið frá henni og skipulögð svipuð dagskrá á lokametrunum og á hinum hátíðarsvæðunum sem hækkaði heildarkostnað.

Hátíðarsvæðin með leiktækjum, hoppuköstulum og andlitsmálun voru opin frá kl. 12:00 - 17:00 en dagskráin stóð yfir frá 14:00 - 16:00. Áætlað er að um 9.000 gestir hafi sótt hátíðina.







Markmið

Markmið hátíðarhaldanna eru þrennskonar eða samfélagsleg, fjárhagsleg og hliðarmarkið.

Samfélagsleg markmið eru jákvæð upplifun bæjarbúa. Langflestir eru sáttir og glaðir við hátíðarhöldin en athugasemdir bárust bæði fyrir og eftir frá nokkrum Kársnesbúum sem vildu hátíðarhöldin aftur á Rútstún og fannst það súrt að fá það ekki. Annað sem kom vel út er ákvörðun Lista- og menningarráðs að bjóða upp á leiktæki og hoppukastala, gjaldfrítt. Það hefur mælst mjög vel fyrir og foreldrar sem og börn sérlega kát með það.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10.2026

Fjárhagsleg markmið voru að fara ekki yfir áætlun. Það stóð tæpt í ár vegna allra þeirra listamanna sem boðið var uppá þar sem hátíðin fór fram á 5 svæðum og ákveðið á lokametrunum að bæta listafólki við dagskrá við menningarhúsin. Lagt var upp með að gera auglýsingu sem Gói, bæjarlistamaður Kópavogs 2022 gerði með Skólakór Kársness og vakti hún mikla athygli og hlaut frábæra dreifingu. Birtingakostnaður vegna hátíðarhaldanna var ekki greiddur af fjárhagsáætlun 17. júní heldur sem almennur auglýsingakostnaður bæjarins.

Hliðar markmið hátíðarhaldanna voru að allir starfsmenn sem og samstarfsaðilar upplifðu jákvæða þátttöku. Allir voru sáttir og sendu margir þakkir fyrir samstarfið.

Kynningarmál



Ráðist var í gerð auglýsingar um hátíðarhöldin með Góa bæjarlistamanni Kópavogs 2022. Samdi hann sérstakt lag sem tekið var upp í Salnum af Páli Einarssyni starfsmanni. Kvikmyndagerðarfyrirtækið Hafdal sem menningarhúsin vinna mikið gerði myndband við lagið og var samvinna við þá sérlega góð. Lagið var síðan frumflutt í Bítinu á Bylgunni viku fyrir hátíðarhöldin eða 10. júní og fylgdi verkefnastjóri því eftir í viðtali. Sjá frétt https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/goi-flytur-17juni-lagid



Auk þessa var hefðbundin auglýsing gerð fyrir dagblöð og samfélagsmiðla sem og kynning á miðlum bæjarins þar sem grunnurinn var textinn frá Góa og myndbandið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10.2026

Mikil og góð samvinna var á milli Sigríðar Bjargar Tómasdóttur almannatengils Kópavogsbæjar, Írisar Maríu Stefánsdóttur markaðsstjóra menningarhúsanna og verkefnastjóra 17. júní um kynningarmálin.

Það sem vel var gert: Auglýsingin með Góa vakti mikla lukku, skapaði góða stemningu fyrir hátíðarhöldunum og fékk mikla dreifingu á samfélagsmiðlum. Samvinna var mikil og góð á milli almannatengils, markaðsstjóra og verkefnastjóra og vel haldið á spöðunum. Gripu allir sína bolta og gerðu vel.

Það sem betur mætti fara: Það hefði mátt byrja fyrr á sameiginlegu skipulagi markaðsmála á milli aðila, gera áætlun sem unnið væri eftir í tíma.







Samstarfsaðilar

Í febrúar var byrjað að hafa samband við samstarfsaðila hátíðarhaldanna.

Exton. Pantaðir voru hoppukastalar og óskað eftir tilboði út frá 4 hátíðarsvæðum í byrjun sem á endanum urðu 5 eftir að ákveðið var að nýta garðinn við menningarhúsin á sama máta. Ingólfur Magnússon var tengiliður eins og síðustu ár og gekk allt ljómandi vel í aðdragandanum og öll samskipti snuðrulaus. Hinsvegar brást þeim bogalistin þegar kom að hoppuköstulum á hátíðardaginn sjálfan. Þeir voru ekki vel festir og þurfti verkefnastjóri að hringja ítrekað í þann sem sá um hoppukastalana um að koma og festa þá betur niður. Nokkrir foreldrar gerðu athugasemdir við starfsmenn í Fagralundi og voru orðljótir. Starfsmenn við menningarhúsin sáu þetta strax og gerðu viðvart. Verkefnastjóri var því hvass og ákveðinn við Exton vegna þessa og viðkomandi starfsmaður þeirra fór á milli og festi hoppukastalana betur.

Sprell. Samþykkt var sama greiðsla og árið á undan fyrir leigu á leiktækjum á 4 svæðum - ekki var til fyrir það fimmta þegar kom að því að bæta menningarhúsunum við. Samstarfið gekk vel en halda þarf vel á spöðunum gagnvart Sprell, fá staðfest og gæta að því að ekki séu sömu tæki á sömu stöðum og árið á undan.

Krakkahestar. Komu kl. 15 við menningarhúsin og gekk allt samstarf við þá vel.

Húlladúllan. Hún sló aftur í gegn með húllahringjum við menningarhúsin.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10.2026

Ljósraf. Óskað var eftir tilboðum frá Ljósrafi (sem sá um rafmagnið 2021) og Rafgeisla sem bærinn vinnur mikið með. Ljósraf bauð 512.000 kr. m.vsk en Rafgeisli 759.000 kr. m.vsk. Gengið var að tilboði frá Ljósrafi. Dagur Hilmarsson, löggildur rafvirkjameistari var einstaklega ljúfur í öllu samstarfi og Exton benti á að þar færi besti maður í bransanum til að fá til samvinnu.

Veltibíllinn. Árlega kemur tilkynning frá Ökufélagi bindinsmanna sem stendur að veltibílnum og er hann pantaður um leið og sú tilkynning berst. Bíllinn var í Kórnum í ár (var í Fífunni árið á undan). Meiningin er að hann verði ekki á sama stað tvö ár í röð á meðan hátíðarhöldunum er skipt upp.

Listamenn. Haft var samband í febrúar við alla umboðsmenn helstu listamanna og tryggðum við okkur þá flesta. Gengið var út frá að hver og einn listamaður kæmi tvisvar fram nema Reykjavíkurdætur sem komu fram á fjórum sviðum og miðuðust því tímasetningar við að það næðist.

Bæjarstjóri. Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri fór á milli allra svæða og hélt stutt ávarp. Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála hélt utan um þennan hluta og keyrði hana á milli hátíðarsvæða. Það gekk vel og var gaman að kynna nýja bæjarstjórann með þessum hætti.

Íþróttafélög o.fl. Sömu íþróttafélögum og árið á undan var boðið til samvinnu um sölubása við hátíðarhöldin. Þegar ákvörðun um breytingu við menningarhúsin var tekin var Skátafélaginu Kópum boðið að vera með sölu sem þau þáðu. Hinsvegar kom á lokametrunum beiðni frá einu dansfélagi í að vera með sölu sem ekki var hægt að verða við og þarf að gera bragarbót á þessu næst.

Það sem var vel gert: Pantað var tímanlega hjá öllum samstarfsaðilum og lá því dagskrá, svæði og skipulag vel fyrir í tíma.

Það sem betur mætti fara: Fá lagalista frá listamönnum til að fá staðfestan tíma á atriði viðkomandi. Einn listamaður var styttri tíma á sviðinu en um var samið t.d. Einnig þarf að auglýsa eftir söluaðilum við hátíðarsvæðin, gefa öllum kost á að sækja um. Það var miður að hafa ekki gert það í ár eins og áður en verkefnastjóra til varnar þá hafði enginn utan þau félög sem voru með sölu í ár, sótt um síðustu ár að vera með sölubása þegar auglýst var eftir því en í nokkur ár var sendur póstur á öll skráð íþróttafélög í bænum án frekari árangurs en þeirra sem voru með í ár.

Þjónustumiðstöð Kópavogs

Tengiliðum Þjónustumiðstöðvarinnar þeim Leifi Eiríkssyni og Jóni Ingvari Jónassyni var boðið á samstarfsfundinn í byrjun maí ásamt öðrum samstarfsaðilum. Einnig var fundað sérstaklega með þeim til að fara yfir helstu verkþætti. Samstarf við þá félaga og starfsmenn þeirra er ávallt gott og gengur jafnan eins og í sögu. Allir eru með sín hlutverk á hreinu og þeir hafa stigið vel inn í allan undirbúning og eru þeir aðilar sem leitað er til vegna allrar uppsetningar og keyrslu á aðföngum. Þjónustumiðstöðin er einnig móttökuaðili fyrir það sem pantað er fyrir hátíðarhöldin og sækir áhöld o.fl. úr geymslu sem þarf, er komin með góða yfirsýn á því sem þarf fyrir hátíðarhöldin. Aðstaða fyrir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10.2026

allan undirbúning er þar og fékk verkefnastjóri einn tengil hjá þeim til að ræða við um framkvæmdina, sem er nauðsynlegt.

Það sem vel var gert: Viðhorf og samstarf við þá Leif og Jón Ingvar er með eindæmum gott. Það er ávallt gengið í öll mál, starfsmenn upplýstir og unnið saman að lausn. Ekkert er of mikið eða lítið og viðhorfið til verkefnisins er hið besta í alla staði. Færri ruslatunnur komu frá þeim í ár en venjulega eða 2 almennar og 2 undir dósir sem virtist ekki hafa áhrif. Söluaðilar sáu um að tæma dósatunnur og fengu þær í sinn hlut.

Starfsmannamál



Auglýst var eftir starfsfólki í gegnum Vinnuskólann, Kópavogsvöll, Þjónustumiðstöðina og félagsmiðstöðvar. Notast var við umsóknarskjal í gegnum Google og sent til stjórnenda og forstöðumanna sem komu því áfram til sinna starfsmanna. Svavar Ólafur Pétuirsson hjá Vinnuskólanum bauð verkefnastjóra að hitta sumarstarfsfólkið sitt á fyrsta fundi þeirra sem var vel. Einnig fékk verkefnastjóri starfsmann frá Vinnuskólanum (sem hafði unnið við andlitsmálun á 17. júní) til að koma og fara yfir andlitsmálningardótið, hreinsa og raða öllum kössum fyrir hvert hátíðarsvæði. Það reyndist mjög vel.

Vikuna fyrir hátíðina var öllum umsækjendum sendur tölvupóstur með upplýsingum um hvar þeirra vinnustöð væri, hverjir væri svæðisstjórar og beðið um staðfestingu. Síðan fóru nokkrir dagar í að senda þeim sem ekki svöruðu sms og biðja um staðfestingu. Þetta er ávallt mjög tímafrek aðgerð en nauðsynleg því margir skoða ekki tölvupóstinn sinn eða fengu hann ekki af einhverjum orsökum. Bæði Svavar hjá Vinnuskólanum og Ómar Stefánsson forstöðumaður Kópavogvallar komu með tillögur að svæðisstjórum hátíðarsvæðanna sem er sérlega gott að fá. Verkefnastjóri hringdi í alla svæðisstjóra til að staðfesta og bað um tillögu þeirra að sviðsstjóra þeirra svæðis en sviðsstjóri er helsti samstarfsaðili svæðisstjóra á 17. júní. Haldinn var fundur tveimur dögum fyrir hátíðarhöldin með öllum svæðisstjórum, farið yfir verkefnin og þeim afhent starfsmannaskrá ásamt dagskrá dagsins. Þessi fundur er mjög nauðsynlegur til að ítreka mikilvægi þeirra á hátíðarhöldunum, að þau hafi leyfi til að senda fólk heim sem ekki vinnur vinnuna sína ásamt því að koma þeim skilaboðum til allra að þau eru andlit bæjarins á þessum degi og okkar allra að gera hátíðarhöldin eins þægileg fyrir alla og hægt er. Veita börnunum athygli og hjálpa þeim þegar þarf. Þetta eru skilaboðin sem fara frá verkefnastjóra til allra. Svæðisstjórar bera ábyrgð á að vinnutímar starfsmanna séu færðir inn og sendu þeir mynd af tímaskjali sínu með vinnustundum allra starfsmanna til verkefnastjóra áður en það var sett í kassa sem starfsmenn Þjónustumiðsvöðvarinnar sóttu í lok hátíðardags.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 23.10.2026

Það sem vel var gert: Umsóknaferlið er snurðulaust, samstarf við Vinnuskólann og Kópavogsvöll mjög gott. Val á svæðisstjórum er orðið samstarf allra og ábyrgðin sameiginleg. Fundur með svæðisstjórum gekk vel og þau fengu mjög skýr skilaboð er varðaði þeirra framlag. Sviðsstjórar einnig, en verkefnastjóri hringdi í alla og gaf þeim greinagóðar upplýsingar um það sem fælist í þeirra starfi. Mjög gott er að fá mynd af vinnustíma starfsfólks ef pappírar misfarast.

Það sem betur má fara: Gefa skýr fyrirmæli um festingar hoppukastala, setja öryggistjékk inn í vinnuskipulagið.

Hátíðarsvæðin fimm

Hátíðarsvæðin voru fimm í ár eins og síðustu tvö ár; Fagrilundur, Fífan, Kórinn, garðurinn við menningarhúsin og Versalir. Kynnt var uppfært skipulag eftir ábendingum fyrra árs, á sameiginlegum fundi bæjarstarfsmanna og þeirra íþróttafélaga sem að hátíðarhöldunum komu. Lagt var upp með að íþróttafélögin gerðu þetta að sinni hverfishátíð líka, auglýstu og kæmu henni á framfæri. Ekki hefur verið upplýst hvort slíkt var gert, nema með 17. júní hlaup sem Breiðablik heldur í samstarfi við bæinn að morgni 17. júní. Gerpla var eitt sinn með fimleikasýningu en ekki í ár. Það mætti virkja félögin meira þannig.

Engin leyfisbeiðni fór á heilbrigðiseftirlitið þar sem veitingasala fór fram við hvert og eitt svæði með aðgangi að salernum og þrifaðstöðu - en til vara var látið vita af sölunni við garðinn í menningarhúsunum, engin athugasemd barst heldur ábending um þrifaðstöðu. Öll íþróttafélögin voru með starfsmann á vakt nema Gerpla en tengiliður þeirra var foreldri en foreldrafélagið sá um veitingaölu. Allt gekk vel en eins og áður var Breiðablik með eitt svæði, við Fífuna en Dansfélag Kópavogs fékk þeirra svæði í Fagralundi til að selja varning í.

Hjálparsveit skáta var með tvo merkta sjálfboðaliða á hverju svæði fyrir sig, var með bíl merktan hjálparsveitunum lagt á áberandi stað. Er þetta gert bæði fyrir öryggi og sýnileika.

Það sem var vel gert: Samstarfsfundur með öllum tengiliðum í þróttafélaganna og starfsmönnum bæjarins, þar sem svæðið og söluumgjörð var rætt.

Það sem betur má fara: Senda staðfesta mynd af svæðum til allra sem hafa um það að segja, því smá misskilningur var með staðsetningu við Fífuna, sem skrifast á minni verkefnastjóra :)







Skjal sótt af '000000000000' dags: 23.10.2026

Ummæli bæjarbúa tekin af Facebooksíðu bæjarins

Áfram hverfishátíðir! Virkilega vel að þessu staðið hjá Kópavogsbæ - *Davíð Stefánsson*

Rútstún takk að mínu mati. Það er hátíðlegra, skjólsælla og eitthvað svo vinalegt. Listasafnið voða napurt, vindasamt og eitthvað svona ekki spari. Getuð svo verið á öðrum stöðum fyrir hverfi fjær. Svo fannst mér vanta skreytingarnar á staura niður Borgarholtið. - *Laufey Stanko Miljevic*

Miklu skemmtilegra að hafa einn stóran viðburð. Sakna Rútstúns og sakna kvöldtónleika. - *Sigrún Matthíasdóttir*

Flott dagskrá hjá ykkur. Ég styð það að hafa eitt stórt svið, leggja mikið í svið og hljóð. Það sást illa bæði á sviðið í Fagralundi og niður í Smára. Rútstún er löngu sprungið fyrir allan Kópavog, það þyrfti að finna stað sem rúmar fleiri - *Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir*

Ég sakna stóru hátíðarinnar á Rútstúni, finnst þetta aaaaaalveg glatað svona - *Oddný Lára Eiríksdóttir*

Finnst mjög slæmt að ekki sé neitt um að vera á Rútstúni, það er jú nærumhverfi okkar Kársnesinga. Gleymum ekki því sem áður var þó nauðsynlegt sé að huga að nýrri hverfum. - *Svala Helga Eiríksdóttir*

Hverfishátíð - *Sigríður Grétarsdóttir*

Áfram hverfishátíðir, alveg frábært fyrirkomulag - *Birna Þórisdóttir*

Finnst hverfishátíðirnar frábært fyrirkomulag fyrir krakkana, minni bið í hoppukastala og fleira sem er í boði og ekki eins yfirþyrmandi fyrir þessi litlu. Væri gaman að fá kvöldtónleikana inn aftur samt. - *Svanhvít Sigurðardóttir Michelsen*

Sakna hátíðarhaldanna á Rútstúni - *Ólafía Sigurjónsdóttir*







Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10.2026

Fjármál

17. JÚNÍ - FJÁRMÁL		2022	2021	2020
TEKJUR				
Frá menningarhúsum vegna kynningarmála		550.000 ISK		
Frá almannatengli vegna kynningarmála		839.901 ISK		
05711 - fjárheimildir 17. júní		3.724.154 ISK		
05712 - fjárheimildir Sumarhátíða		10.855.452 ISK		
Samtals tekjur		15.969.507 ISK		
GJÖLD				
Kynningarmál		1.760.005 ISK	392.988 ISK	0 ISK
Listafólk og kynnar		6.678.070 ISK	4.692.789 ISK	5.072.250 ISK
Aðstaða		3.346.111 ISK	3.023.422 ISK	3.580.005 ISK
Leiktæki og önnur skemmtun		2.160.120 ISK	2.104.000 ISK	1.488.000 ISK
17. júní hlaup		146.170 ISK	206.776 ISK	140.000 ISK
Starfsmannakostnaður		251.014 ISK	376.003 ISK	350.587 ISK
Annað (m.a. innri liðir)		3.497.776 ISK	3.333.628 ISK	5.370.581 ISK
Samtals gjöld		17.839.266 ISK	14.129.606 ISK	16.001.423 ISK
NIÐURSTAÐA		**-1.869.759 ISK**	**-14.129.606 ISK**	**-16.001.423 ISK**

Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 14.129.606 kr., í ár v. 17. júní og Sumarhátíða. Heildarútgjöld urðu 17.839.266 kr., með öllum kynningarkostnaði en af þeim greiddu menningarhúsin og almannatengill kr. 1.389.901 kr., af sínum áætlunum. Ástæða fyrir umframkostnaði er að bætt var við skemmti dagskrá við menningarhúsin undir lokin og sviðskostnaður og tæknimannakostnaður frá Exton hækkaði því um 300.000 kr., listamenn voru dýrari en fyrir ári eða um 2.000.000 kr. sem er bæði vegna hærri taxta og fleiri listamanna sem voru fengnir þegar svið bættist við menningarhúsin. Einnig er inni í þessum kostnaði reikningar frá Þjónustumiðstöð og bæjar/sumarvinnu deild (innri liðir) upp á 1.270.000 kr., sem var ekki tekið inn í upphaflega fjárhagsáætlun (og er ekki inni í niðurstöðutölum fyrri ára í skýrslu verkefnastjóra). Haldið var vel utan um aðra kostnaðarliði, nýttir eldri bolir fyrir starfsmenn, gerð góð birgðastaða til að minnka innkaup á litum og penslum vegna andlitsmálunar ásamt blöðrum og böndum.

Það sem gekk vel: Birgðartalning var gerð vikunni á undan sem varð til þess að minna þurfti að kaupa inn, listamenn nýttir áfram á tvö svið sem lækkaði aðeins kostnað.

Það sem betur má fara: Gera þarf ráð fyrir hærri upphæð í listamenn og sviðskostnað ásamt innri kostnaði frá Þjónustumiðstöð og sumar/bæjar starfsmönnum. Ef ákvörðun verður tekin um t.d. tvö stór svið á næsta ári þá þarf að fylgja með hærri fjárveiting því eingöngu sviðskostnaðurinn verður þá nærri tvöfaldaður, sé miðað við sviðskostnað frá 2019 þegar það var eitt stórt svið á Rútstúni sem var um 2,4 milljónir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10.2026

Til umhugsunar fyrir næsta ár

Verkefnastjóri leggur til að hátíðarhöldin fari fram á tveimur stöðum. Ein á Rútstúni og önnur í efri byggðum. Sú hugmynd gerir ráð fyrir tveimur stórum sviðum, svo meiri kraftur verði í hvorri hátíð. Vinna þarf þá hugmynd með íþróttafulltrúa og forstöðumanni Kópavogsvalla til að fá gott veður fyrir staðsetningunni sem og áframhaldandi samstarfi um hátíðarhöldin við íþróttafélögin. Þar sem fjárhagsáætlun fór yfir í ár vegna hækkunar listamanna og fleiri gjaldaliða tekna inn í fjárhag hátíðarhaldanna, þyrfti aukið fjármagn að fylgja ákvörðunum um hátíðarhöldin.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026